



Hafnarfjörður

Framkvæmdaleyfi Suðurnesjalína 2

Greinargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
með framkvæmdaleyfi fyrir valkost C, loftlína um Hrauntungur

Október 2021
Uppfært febrúar 2022



Efnisyfirlit

| | | |
|---|---|----|
| 1 | Um afgreiðslu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar | 1 |
| 2 | Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi | 2 |
| | 2.1 Yfirferð á umsókn Landsnets..... | 2 |
| 3 | Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar | 3 |
| | 3.1 Matsskýrsla Landsnets | 3 |
| | 3.2 Álit Skipulagsstofnunar | 3 |
| | 3.2.1 Áhrif á jarðminjar..... | 4 |
| | 3.2.2 Áhrif á landslag og ásýnd | 5 |
| | 3.2.3 Áhrif á vistgerðir og gróðurfar | 6 |
| | 3.2.4 Áhrif á fuglalíf | 7 |
| | 3.2.5 Áhrif á fornleifar | 7 |
| | 3.2.6 Áhrif á vatnsvernd | 7 |
| | 3.2.7 Áhrif á ferðapjónustu og útivist | 8 |
| | 3.2.8 Áhrif á landnotkun, byggð og atvinnuþróun..... | 8 |
| | 3.2.9 Áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið..... | 10 |
| | 3.2.10 Náttúruvá..... | 10 |
| | 3.2.11 Áhrif á loftslag..... | 12 |
| | 3.3 Niðurstaða..... | 12 |
| 4 | Forsendur ákvörðunar..... | 13 |
| | 4.1 Lagaleg umgjörð..... | 13 |
| | 4.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar | 14 |
| | 4.3 Samræmi við skipulagsáætlanir og aðrar áætlanir | 15 |
| | 4.4 Náttúruvernd | 15 |
| | 4.5 Náttúruvá | 15 |
| | 4.6 Umsagnir um leyfi | 16 |
| | 4.6.1 Umsögn Umhverfisstofnunar | 16 |
| | 4.6.2 Umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs | 16 |
| | 4.7 Önnur leyfi | 16 |
| | 4.8 Aðrir valkostir..... | 16 |
| | 4.9 Brýn nauðsyn | 17 |
| | 4.10 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum..... | 17 |



1 Um afgreiðslu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur farið yfir umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 í samræmi við 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum¹ og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn hefur farið yfir gögn framkvæmdaleyfisumsóknar og telur að:

1. Framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt og framkvæmd er sú sem lýst er í matsskýrslu.
2. Hönnunargögn séu fullnægjandi.
3. Nauðsynlegar umsagnir liggi fyrir, þ.e. umsagnir Umhverfisstofnunar og umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar.
4. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.
5. Matsskýrsla Landsnets og álit Skipulagsstofnunar séu fullnægjandi til að taka afstöðu til umhverfisáhrifa valkosta. Bæjarstjórn hefur tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þótt bæjarstjórn telji ákveðna galla vera á áliti Skipulagsstofnunar eru þeir ekki slíkir að ekki verði hægt að byggja á því við ákvörðun um leyfisveitingu.
6. Gögn sem lögð voru fram eftir að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir hafa nýst við ákvörðun um framkvæmdaleyfi.
7. Fullnægjandi gögn liggi fyrir til að bæjarstjórn geti tekið rökstudda afstöðu til leyfisumsóknar Landsnets.

Það er niðurstaða bæjarstjórnar, eftir ítarlega greiningu, að veita framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, valkost C. Í undirbúningi að ákvörðun hefur m.a. verið litið til forsendna fyrir framkvæmd, umhverfisáhrifa valkosta, kannaðir möguleikar til að draga úr umhverfisáhrifum, samræmis við aðalskipulag Hafnarfjarðar, álits Skipulagsstofnunar, stefnu stjórnvalda og úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála². Auk þess er tekið mið af ítarlegri greiningu um náttúruvá. Við afgreiðslu umsóknar hefur verið gætt að ákvæðum laga um náttúruvernd, annarra laga, reglugerða og áætlana sem eiga við.

Bæjarstjórn telur að það sé brýn nauðsyn að ráðast í Suðurnesjalínu 2. Sú nauðsyn felst annars vegar í mikilvægi afhendingaröryggis raforku á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu og aukningu á flutningsgetu m.a. til að mæta þörfum atvinnulífs og stefnu um orkuskipti. Hins vegar telur bæjarstjórn að brýn nauðsyn sé á að stuðla að hagfelldri þróun byggðarinnar innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðar. Sú þróun er möguleg með tilkomu valkosta C, og þeirra breytinga sem fylgja á flutningskerfi raforku innan sveitarfélagsins. Aðrir kostir til skoðunar draga úr gæðum á skilgreindum íbúðarsvæðum í Hafnarfirði og útivistarsvæðum í næsta nágrenni þeirra. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdar í Hafnarfirði verða á jarðminjar, landslag og ásjúnd, og útivist.

Leyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótvægisáðgerðir og vöktun sem koma fram í matsskýrslu, áliti Skipulagsstofnunar og umsókn Landsnets til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Einnig að frágangur verði eins og lýst er í umsókn Landsnets.

¹ Í samræmi við bráðabirgðaákvæði nr. 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

² Úrskurður [nr. 46/2021](#). Suðurnesjalína 2 Hafnarfjörður.



Bæjarstjórn telur að miðað við fyrirliggjandi forsendur og upplýsingar sé valkostur C ákjósanlegastur fyrir sveitarfélagið. Lengi hefur verið beðið eftir færslu og breytingum á flutningskerfinu innan marka sveitarfélagsins og það er orðið mjög brýnt að ráðast í áformaðar breytingar til að þrengja ekki að byggðaðþróun. Suðurnesjalína 2, valkostur C, er mikilvægur þáttur í þeim breytingum.

Í þessari greinargerð er yfirlit um helstu forsendur og viðfangsefni sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar lítur til við ákvörðun um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2. Í afgreiðslu sveitarfélagsins er m.a. litið til skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnáskilulaga nr. 37/1993, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 80/2012 um menningarminjar og raforkulög nr. 65/2003.

2 Umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi

2.1 Yfirferð á umsókn Landsnets

Landsnet sótti um framkvæmdaleyfi, dags. 11. desember 2020. Samkvæmt umsókninni eru markmið framkvæmdarinnar þrjúþætt:

- Bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum.
- Auka flutningsgetu milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja til að styðja við afhendingaröryggi á höfuðborgarsvæðinu.
- Styrkja flutningskerfi raforku á SV-horni landsins.

Gögn sem fylgdu umsókn Landsnets eru:

- Afstöðumyndir í mælikvarða 1:25.000.
- Afstöðumyndir sýna línuleið, staðsetningu mastra, legu vegslóða og tengivirki.
- Afstöðumyndir sýna framkvæmdir í læsilegum kvarða og gefa nauðsynlegar upplýsingar líkt og reglugerðin kveður á um.
- Hönnunargögn fyrir möstur og mastraplön.
- Framkvæmdalýsing, þar sem:
 - Framkvæmdaþáttum er lýst, s.s. lengdir línuleiðar og vegslóða, fjöldi og gerð mastra,
 - Gerð er grein fyrir magni af jarðefnum sem þarf til framkvæmdanna og efnistökuþáttum.
 - Gerð er grein fyrir frágangi framkvæmdasvæða og mótvægisáðgerðum.
 - Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma.
 - Gerð er grein fyrir vöktun umhverfisþátta og mótvægisáðgerðum.
 - Upplýsingar um samræmi við skipulagsáætlanir
- Álit Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl 2020.
- Matsskýrsla Landsnets frá 20. janúar 2020, ásamt sérfræðiskýrslum, umsögnum og athugasemdum sem bárust við mati á umhverfisáhrifum.
- Upplýsingar um önnur leyfi sem Landsnet mun sækja um.
- Minnisblað Landsnets um náttúruvá, dags. 28.5.2020.
- Minnisblað Eflu um náttúruvá, dags. 2.7.2020.

Fyrirliggjandi gögn eru í samræmi við þær kröfur sem koma fram í skipulagslögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



3 Mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar

Eftirfarandi er rökstudd afstaða bæjarstjórnar til mats á umhverfisáhrifum og [álits Skipulagsstofnunar](#) dags. 22.4.2020.

3.1 Matsskýrsla Landsnets

Hafnarfjarðarbær tekur undir það álit Skipulagsstofnunar að matsskýrsla Landsnets uppfylli skilyrði laga um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Skipulagsstofnun hefur farið yfir gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu og niðurstöðum þess og telur þau fullnægjandi. Bæjarstjórn telur að matsskýrslan sé fullnægjandi til að byggja ákvörðun um framkvæmdaleyfi, ásamt umsögnum, sérfræðiskýrslum og þeim viðbótargögnum sem Hafnarfjarðarbær hefur óskað eftir eða lögð hafa verið fram. Bornir eru saman sex valkostir. Einnig er 0-kostur borinn saman við framkvæmdakosti.

Umsókn um framkvæmdaleyfi er í fullu samræmi við framkvæmd sem kynnt var í matsskýrslu Landsnets.

Í matsskýrslu er ítarlegur samanburður á valkostum og umhverfisáhrifum þeirra. Slíkur samanburður er forsenda fyrir því að geta metið möguleg og líkleg umhverfisáhrif. Með samanburðinum er því hægt að sjá hvort og hvar mögulegt sé að draga úr neikvæðum áhrifum og auka þau jákvæðu.

3.2 Álit Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar, dags. 22. apríl 2020 um mat á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2. Í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hefur verið bent á nokkra ágalla á álit Skipulagsstofnunar, en þeir eru ekki metnir svo verulegir að á álitinu og fyrirbyggjandi mati á umhverfisáhrifum verði ekki byggt við afgreiðslu umsóknar um framkvæmdaleyfi.³ Ágallar snéru m.a. að umfjöllun um jarðvía, áhrifa á jarðmyndanir og viðmið í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Bæjarstjórn hefur við afgreiðslu á framkvæmdaleyfi tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Varðandi ákveðin atriði metur Skipulagsstofnun áhrifin á annan hátt en bæjarstjórn gerir. Á það fyrst og fremst við áhrif á jarðmyndanir, landnotkun og atvinnuþróun, auk umfjöllunar um náttúruvía. Fyrir aðra umhverfisþætti telur bæjarstjórn að álit Skipulagsstofnunar geri skýra grein fyrir helstu áhrifum og þeim aðgerðum sem hægt verði að grípa til við framkvæmdir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Við yfirferð á álit Skipulagsstofnunar og umsókn Landsnet um framkvæmdaleyfi hefur sveitarfélagið lagt sérstaka áherslu á eldhraun og birki sem njóta sérstakrar verndar náttúruverndarlaga, landslag, fornminjar, útivist, landnotkun og náttúruvía. Þrátt fyrir ofangreinda ágalla á álit Skipulagsstofnunar telur bæjarstjórn að álit Skipulagsstofnunar fullnægi lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald, þannig að sveitarfélagið geti tekið ákvörðum um umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi. Í álitinu er farið yfir framlögð gögn, umsagnir og athugasemdir, mótvægisáðgerðir og gerð grein fyrir mati Skipulagsstofnunar á líklegum áhrifum.

Megin niðurstaðan er sú að álit Skipulagsstofnunar er að mestu í samræmi við niðurstöðu umhverfismats Landsnets fyrir Suðurnesjalínu 2. Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Landsnets uppfylli skilyrði laga og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í niðurstöðu matsskýrslu Landsnets er munur á umhverfisáhrifum valkosta ekki mikill.

³ Úrskurður [nr. 46/2021](#). Suðurnesjalína 2 Hafnarfjörður.



Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif verði á jarðminjar, landslag og ásýnd. Mat Skipulagsstofnunar er að áhrif valkosta C séu talsverð til veruleg neikvæð á þessa umhverfisþætti. Almenn er Skipulagsstofnun sammála þeim vægiseinkunum sem koma fram í matsskýrslu Landsnets um umhverfisáhrif valkosta. Þó telur Skipulagsstofnun að jarðstrengskostur B, hafi minni áhrif á jarðmyndanir, vatnsvernd og landslag en kemur fram í matsskýrslu Landsnets.

Af svæðunum fjórum sem eru til skoðunar í umhverfismatinu verða veigamestu umhverfisáhrifin í Almennungi, sem tilheyrir sveitarfélögunum Hafnarfirði og Vogum. Þar verða áhrif sem eru metin talsverð til veruleg neikvæð á jarðminjar, landslag og ásýnd. Þá hefur framkvæmdin talsverð neikvæð áhrif á vistgerðir og gróður og ferðapjónustu og útivist í Almennungi.

3.2.1 Áhrif á jarðminjar

Álit Skipulagsstofnunar

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að skilgreining Reykjaness sem jarðvangs, ásamt þeim verndarákvæðum sem um svæðið gilda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga undirstrikar mikilvægi þess að tekið sé sérstakt tillit til jarðmyndana við ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2.

Óhjákvæmilegt er að valda óafturkræfu raski á jarðmyndunum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd við lagningu Suðurnesjalínu 2, hvaða valkostur sem verður fyrir valinu. Enginn valkostanna veldur hins vegar raski á svæðum á náttúruminjaskrá (C-hluta), en þau svæði hafa jafnframt verið skilgreind sem áhugaverðir jarðminjastaðir af Reykjanesarjarðvanginum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á jarðmyndanir. Skipulagsstofnun telur ekki vera grundvallarmun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 hvað varðar áhrif á jarðmyndanir þegar eingöngu er horft til beins jarðrasks en ekki landslags- og ásýndaráhrifa.

Varðandi beint rask á jarðmyndunum telur stofnunin þurfa að horfa til þess hverskonar jarðmyndanir og hvaða heildir verða fyrir áhrifum ekki síður en til stærðar þeirra svæða sem raskast. Út frá því telur stofnunin ekki grundvallarmun á því jarðraski sem loftlína eða jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1 og jarðstrengur meðfram Reykjanessbraut hefur í för með sér. Í því tilliti telur stofnunin hinsvegar ástæðu til að draga fram áhrif valkosta C þar sem hann sveigir til suðurs af leið Suðurnesjalínu 1 á svæðinu Almennungur og fer þar inn á áður óraskaða heild, á svæði sem Landsnet telur hafa hæsta verndargildi þeirra svæða sem hér eru skoðuð með tilliti til jarðmyndana. Á móti kemur að við fyrri framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 voru lagðir vegslóðar og mastraplön á þessu svæði og því eru bein áhrif valkosta C á jarðmyndanir á því svæði að miklu leyti þegar komin fram. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda raski á jarðmyndunum í algjöru lágmarki.

Afstaða bæjarstjórnar

Tekið er undir álit Skipulagsstofnunar að aðalvalkostur Landsnet hafi í för með sér talsverð til veruleg neikvæð umhverfisáhrif á jarðmyndanir, sem ekki sé hægt nema að takmörkuðu leyti að fyrirbyggja eða draga úr með mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun telur ekki grundvallarmun á beinum áhrifum valkosta á jarðmyndanir. Bæjarstjórn telur hins vegar vera talsverðan mun á umhverfisáhrifum valkosta og byggir sú afstaða á matsskýrslu Landsnets, umsögn Umhverfisstofnunar og skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

- Samkvæmt matsskýrslu verður minnsta beina raskið á eldhraun skv. valkostum C og C², sbr. töflu 11.5. Rask þessara valkosta á óhreyfðu landi er 6,97 ha fyrir valkost C og 6,24 ha fyrir valkost C². Rúmlega þriðjungur þess rasks er innan Hafnarfjarðar. Beint rask jarðstrengskosta á óhreyft land er 10,36 til 13,26 ha. Að mati bæjarstjórnar er grundvallarmunur á umfangi slíkra áhrifa, þar sem eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.



- Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 11.7.2019, kemur m.a. fram það mat stofnunarinnar að „velja eigi þær strengleiðir þar sem unnt er að leggja strengi í laus jarðlög og forðast klappir og sérstaklega eldhraun þar sem áhrif lagningar jarðstrengja yrðu mikil og óafturkræf. Hafa ber í huga að við lagningu jarðstrengja er ekki unnt að víkja mikið frá beinni línu. En við lagningu háspennulína er unnt að leggja línuvegi á þann hátt að þeir falli að landi og við slíka slóðagerð er unnt að krækja hjá klettum og öðrum jarðminjum sem ekki er möguleiki við lagningu jarðstrengs. Lagning jarðstrengs getur því haft veruleg neikvæð áhrif á fjölbreytt yfirborð eins og í Almenninum sem einkennast af miklum fjölbreytileika jarðminja og róðurs þar sem í hrauninu eru margir rishólar sem unnt er að sneiða hjá þegar um loftlínu er að ræða. Því telur Umhverfisstofnun að lagning jarðstrengja á því svæði sem ráðgert er að leggja Suðurnesjalínu 2 sé slæmur kostur vegna neikvæðra áhrifa á jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar.“ Mat Skipulagsstofnunar gengur gegn afstöðu Umhverfisstofnunar.
- Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands⁴ kemur fram að „Hrútagjárdyngja [hraunið í Almenninum] er tiltölulega ung hraundyngja, almennt vel varðveitt og aðgengileg. Hraunið er dæmigert helluhraun og í því er mikið um rishóla og rissléttur. Verndargildi þess má því telja mjög hátt og hæst þeirra hrauna sem hér er fjallað um.“
- Bæjarstjórn óskaði eftir frekari rökstuðningi Landsnets á fyrirkomulagi flutningskerfis raforku í sveitarfélaginu ásamt staðsetningu á framtíðartengivirki við Hrauntungur, m.a. til að kanna betur möguleika til að draga úr umhverfisáhrifum í nágrenni við Hrauntungur. Í svari Landsnets kemur fram að ein af forsendum fyrir vali á línustæði og staðsetningu tengivirkis var að færa meginflutningskerfið frá stækkandi byggð, að því marki sem verndarsvæði ofan Hafnarfjarðar gáfu svigrúm til, og halda ásættanlegri tengingu við álverið í Straumsvík. Einnig var lyklatríði að byggja upp flutningskerfi og tengivirki til næstu áratuga og því þurfi að horfa langt fram í tímann varðandi mögulega byggðaþróun á svæðinu. Sem dæmi um hvað forsendur breytast hratt, má nefna að tengivirkið við Hamranes var utan við byggð þegar það var tekið í notkun 1989, en 20 árum seinna var það komið inn í miðja íbúðabyggð á svæðinu.

Við undirbúningu Suðurnesjalínu 2 og annarra framkvæmda sem tengjast flutningskerfi raforku var ekki talið raunhæft staðsetja stórt tengivirki, með aðkomandi línum, inni á miðju iðnaðarsvæði í Hafnarfirði. Því hefur verið talið nauðsynlegt að færa tengivirkið suður fyrir byggðina, þar sem það kemur ekki til með að takmarka byggðaþróun næstu áratuga og staðsetja það á mótis við skilgreinda línugötu að álverinu í Straumsvík.

Legu Suðurnesjalínu 2, samkvæmt valkosti C, er einn þáttur í þeirri þróun að færa meginflutningskerfi raforku fjær byggð í Hafnarfirði. Aðrir þættir sem tengjast þeirri þróun er undirbúningur Landsnets vegna Lyklafellslínu 1 og niðurrifi Hamraneslínu 1 og 2. Þá mun fyrirhugað tengivirki í Hrauntungum leysa af hólmi tengivirkið Hamranes á Völlum í Hafnarfirði.

Undirbúningur annarra framkvæmda byggja á því að Suðurnesjalína 2 sé til staðar og að sterkur tengipunktur sé mögulegur við Hrauntungur. Það er niðurstaða Landsnets eftir ítarlega skoðun að legu Suðurnesjalínu 2 um Hrauntungur sé ákjósanlegasti kostur til framtíðar.

3.2.2 Áhrif á landslag og ásýnd

Álit Skipulagsstofnunar

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að í matsskýrslu Landsnets er birt ítarlegt mat á landslagsheildum og ásýndarbreytingum af völdum fyrirhugaðra framkvæmda og áhrifum þeirra á landslag á mismunandi köflum línunnar. Eins og þar kemur fram verða áhrifin mismunandi eftir

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands - Úttekt á náttúrufari vegna Suðurnesjalínu 2. Borgný Katrínardóttir, Kristján Jónasson, Rannveig Thoroddsen, Sigmar Metúsalemsson og Svenja N.V. Auhage.



svæðum og útfærslu framkvæmda og telur Skipulagsstofnun að það mat sem lagt er á gildi landslagsheilda og áhrif á þær vegna jarðrasks og sjónrænna áhrifa gefi fullnægjandi mynd af líklegum áhrifum framkvæmdanna, þótt stofnunin sé ekki að öllu leyti sammála vægiseinkunum í niðurstöðu Landsnets. Skipulagsstofnun er sammála mati Landsnets að áhrif valkosti C séu metin talsverð til veruleg.

Innan svæðanna Hafnarfjörður og Almenni hafa jarðstrengskostirnir (A og B) talsvert minni neikvæð áhrif á landslag og ásýnd að mati Skipulagsstofnunar en loftlínukostirnir (C og C²). Þrátt fyrir að leggja þurfi jarðstrengi um úfið hraun, mun sjónrænna áhrifa gæta á mun minna svæði en sjónrænna áhrifa loftlínukostanna. Jafnframt verða áhrif af valkosti C² á landslag og ásýnd vægari en af valkosti C, að mati Skipulagsstofnunar, en valkostur C nemur í raun nýtt land undir mannvirki á svæði sem nýtur sérstakrar verndar og hefur verið ónumið af mannvirkjum.

Jafnframt telur stofnunin loftlínu samkvæmt valkosti C² æskilegri með tilliti til áhrifa á landslag og ásýnd en valkost C á svæðinu Almenni, og valkosti A og B almennt hafa í för með sér minnst inngrip hvað varðar landslag og ásýnd á línuleiðinni allri. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á landslag og ásýnd í algjöru lágmarki.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar að aðalvalkostur Landsnet hafi í för með sér talsverð til veruleg neikvæð umhverfisáhrif á landslag og ásýnd, en telur skorta á að vægismat stofnunarinnar fylgi fyrir aðra valkosti. Skipulagsstofnun leggur ekki mat á umhverfisáhrif annarra kosta en C, að öðru leyti en að telja að áhrif jarðstrengskosta A og B séu talsvert minni en umhverfisáhrif loftlínu skv. valkosti C. Þá hefur bæjarstjórn farið yfir fyrirbyggjandi umsagnir, þ.m.t. umsögn Umhverfisstofnunar. Þar kemur fram að stofnunin telur að neikvæð áhrif loftlínu, skv. valkostum C og C², séu óveruleg þar sem línan liggur meðfram Suðurnesjalínu 1. Auk þess að í Hafnarfirði ber línustæðið þegar merki manngerðs umhverfis með umfangsmiklum innviðamannvirkjum.

Bæjarstjórn telur rök sem koma fram í matsskýrslu um umhverfisáhrif valkosti byggja á traustum grunni, sem unnt er að nýta við umfjöllun um leyfisveitingu. Þá er einnig litið til þess að áhrif á landslag og ásýnd eru í vissum skilningi afturkræf, þ.e. ef möstur verða fjarlægð.

3.2.3 Áhrif á vistgerðir og gróðurfar

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosti á vistgerðir og gróður. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem að hluta skerða svæði þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi og þá sérstaklega kjarrskógavist á svæðinu Almenni. Samantekið eru áhrif valkosti B minnst á vistgerðir og gróður og áhrif valkosti C mest, en þau eru þó að hluta þegar komin fram, vegna framkvæmda sem þegar hefur verið farið í á grundvelli framkvæmdaleyfis sem fellt var úr gildi. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vistgerðir og gróður í algjöru lágmarki.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar, sem er í samræmi við matsskýrslu Landsnets, fyrirbyggjandi rannsóknir vistgerðum og gróðurfari og umsagnir fagstofnana. Í matsferlinu óskaði Hafnarfjarðarbær eftir því að gerð yrði grein fyrir mögulegri sink-mengun í nágrenni mastra á gróður. Umfjöllunin í matsskýrslu er nægjanleg til að upplýsa um möguleg áhrif og bæjarstjórn gerir það að skilyrði í framkvæmdaleyfi að vakta þynningu sinks á möstrum á rekstrartíma línunnar.



3.2.4 Áhrif á fuglalíf

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði vegna loftlínukosta á Njarðvíkurheiði. Skipulagsstofnun telur að jarðstrengjakostir hafi óveruleg áhrif á fuglalíf. Neikvæð áhrif jarðstrengjakosta á fuglalíf séu fyrst og fremst bundin við ónæði sem hlýst á framkvæmdatíma, þar sem svæðið sem verður fyrir raski sé ekki auðugt af fuglalífi. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á fuglalíf. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á fuglalíf í algjöru lágmarki. Ef valinn verður loftlínukostur er mikilvægt að tryggð verði við leyfisveitingar að áhrif línunnar á áflug fugla verði vöktuð. Gerð verði krafa um vöktunaráætlun sem unnin verði í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á fuglalíf, sem er í samræmi við matsskýrslu Landsnets, fyrirbyggjandi rannsóknir og umsagnir fagstofnana. Bæjarstjórn telur mikilvægt að fylgja eftir þeim vöktunaraðgerðum sem koma fram í matsskýrslu, þótt þær eigi ekki við um landsvæði innan Hafnarfjarðar.

3.2.5 Áhrif á fornleifar

Álit Skipulagsstofnunar

Ekki virðist vera afgerandi munur milli valkosta á áhrifum á menningarminjar og samkvæmt umsögn Minjastofnunar Íslands virðist ekki vera um að ræða áhrif á minjar sem geri að verkum að einhverjir valkostanna sé í augum stofnunarinnar síðri eða óásættanlegir með tilliti til áhrifa á menningarminjar. Mikilvægt er að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í umsögn Minjastofnunar og kappkostað að lágmarka áhrif framkvæmda á menningarminjar.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á fornleifar, sem er í samræmi við matsskýrslu Landsnets, fyrirbyggjandi rannsóknir og umsögn Minjastofnunar. Engar minjar eru undir matssvæðinu sem skilgreint er sem HAF, en nokkrar eru í Almennungi. Mikilvægt er að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í umsögn Minjastofnunar og kappkostað að lágmarka áhrif framkvæmda á menningarminja. Bæjarstjórn mun setja skilmála um mótvægisáðgerðir í samræmi við umsögn Minjastofnunar.

3.2.6 Áhrif á vatnsvernd

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur vera óverulegan mun á valkostum með tilliti til áhrifa á vatnsvernd en tekur að öðru leyti undir niðurstöður Landsnets um mat á áhrifum valkosta á vatnsvernd. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vatnsvernd í algjöru lágmarki.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við álit Skipulagsstofnunar varðandi áhrif framkvæmda á vatnsvernd innan Hafnarfjarðar þar sem allir valkostir Suðurnesjalínu 2 liggja utan vatnsverndarsvæða í Hafnarfirði.



3.2.7 Áhrif á ferðaþjónustu og útivist

Álit Skipulagsstofnunar

Áhrif lagningar Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist eru nátengd áhrifum framkvæmdanna á landslag og ásynd. Við mat á vægi þessara áhrifa vegur þungt að línan er fyrirhuguð í næsta nágrenni við þá leið sem allir erlendir ferðamenn fara um sem koma til landsins um Keflavíkflugvöll. Fyrir liggur að náttúra landsins er helsta aðdráttarafi fyrir erlenda ferðamenn hér á landi og að útsýnið yfir hraunið frá Reykjanesbraut er talið mikilvægt fyrir ferðamenn sem upplifa þar íslenskt landslag í fyrsta skipti. Þá er ekki síður mikilvægt það útivistargildi sem staðir á áhrifasvæði framkvæmdanna hafa fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og á Suðurnesjum. Vægi svæðisins í því tilliti er líklegt til að aukast enn frekar í framtíðinni. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á ferðaþjónustu og útivist og er sammála þeirri niðurstöðu Landsnets að valkostur C muni líklega hafa mest neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist, á meðan valkostur B, jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut, hafi minnst áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Stofnunin tekur jafnframt undir með umsögn Ferðamálastofu um að ástæða sé til að horfa til lagningar jarðstrengs vegna áhrifa á ferðaþjónustu. Að öðru leyti vísast til niðurstöðu um áhrif framkvæmdanna á landslag og ásynd, m.a. um áhrif loftlíukosta á svæðið Almanning, sem er mikilvægt útivistarsvæði.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á ferðaþjónustu og útivist, sem er í samræmi við matsskýrslu Landsnets, fyrirbyggjandi rannsóknir og umsögn Ferðamálastofu.

Valkostir liggja um útivistarsvæði Hafnirfönga og þar hefur valkostur C, aðalvalkostur Landsnets umfangsmestu áhrifin. Valkosturinn mun breyta ásynd útivistarsvæðisins í nágrenni og mun hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um. Bæjarstjórn telur að fyrir liggja næg og greinargóð gögn til að byggja á ákvörðun um framkvæmdaleyfi.

3.2.8 Áhrif á landnotkun, byggð og atvinnuþróun

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að til staðar séu raforkuflutningsmannvirki sem annað geta þeim raforkuflutningi sem þarf til að tryggja möguleika til vaxtar íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum. Suðurnes hafa á undanförunum árum verið vettvangur mikils vaxtar, bæði hvað varðar fólksfjölgun og atvinnulíf.

Um leið og fyrrséður vöxtur íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum er það sem kallar á lagningu Suðurnesjalínu 2, geta ýmis uppbyggingaráform á svæðinu um leið sett lagningu raflíunnar ýmsar takmarkanir. Jafnframt er óvissa um ýmsa uppbyggingu sem getur haft áhrif á hvaða valkostur um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 er hagstæðastur út frá áhrifum á landnotkun, byggð og atvinnuþróun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Hafnarfjarðarbær hafa nýlega komist að samkomulagi um að framtíðarlega Reykjanesbrautar verði í núverandi legu brautarinnar, milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns. Það hefur í för með sér að breyta þarf aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að brautin færist til suðurs á þessum kafla, suður fyrir iðnaðarsvæðið sem liggur sunnan við álverið í Straumsvík. Þessi ákvörðun lá ekki fyrir þegar unnið var að frummatsskýrslu og matsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 eða þegar Hafnarfjarðarbær gaf umsögn um frummatsskýrsluna í júní 2019. Þessi breyting kann að gera að verkum að valkostir um legu Suðurnesjalínu 2 sem fylgja Reykjanesbraut eða Suðurnesjalínu 1 innan Hafnarfjarðar séu fýsilegri en valkostur C. Þetta kann að vera tilefni til að skoða sérstaklega í áformaðri aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar legu Reykjanesbrautar.

Síðast en ekki síst vinna stjórnvöld að athugun á uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Í nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjórnin í Reykjavík samkomulag



um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni og er stefnt að því að taka ákvörðun um hvort af byggingu flugvallar í Hvassahrauni verði fyrir lok ársins 2024. Samkomulagið er gert í framhaldi af vinnu stýrihóps sem skilaði af sér skýrslu um flugvallarkosti á suðurvesturhorni landsins í nóvember 2019. Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 kemur fram að samhliða hröðum vexti á flugi til landsins hafi aukist mikilvægi þess að á suðvesturhorni landsins séu tveir millilandaflugvellir. Í því samhengi sé verið að skoða hvort fýsilegt sé að byggja upp í Hvassahrauni alhliða innanlands- og varaflugvöll. Engu að síður verði Keflavíkflugvöllur áfram megingátt millilandaflugs í fyrirsjáanlegri framtíð. Skipulagsstofnun telur ljóst að ef af uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni verður, gerir það kröfu um að háspennulínur í nánd við flugvöllinn séu lagðar í jörð. Það myndi gera að verkum að valkostir C og C2 kæmu ekki til greina við lagningu Suðurnesjalínu 2. Allt eru þetta atriði sem horfa þarf til, þegar tekin er ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn telur að í álit sínu hafi Skipulagsstofnun ekki tekið nægilegt mið af stefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025. Það liggur fyrir að valkostur C er sá kostur sem er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Fyrir því liggja haldbær rök, þar sem sveitarfélagið hefur í langan tíma unnið að framtíðarlausn fyrir þróun byggðarinnar, sem felur í sér að Hamraneslínur 1 og 2 verði færðar út fyrir þéttbýlismörk. Það eru verulegir hagsmunir sveitarfélagsins sem felast í því að stefna aðalskipulagsins gangi eftir. Þessu til stuðnings hefur sveitarfélagið unnið tvær breytingar á aðalskipulaginu í samræmi við þá stefnu. Annars vegar stefnu um færslu á tímabundinni legu Hamraneslínu 1 og 2 í Skarðshlíð. Breytingin var staðfest 8.1.2019. Síðan hefur verið staðfest breyting, dags. 19.5.2021, um miðsvæði í Hamranesi. Báðar breytingar byggja á því samráði sem sveitarfélagið hefur átt við Landsnet um flutning raflína og framtíðarskipulag flutningskerfis raforku innan Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn vísar til umsagna Hafnarfjarðar í matsferlinu. Þar var lögð áhersla á að línan fari í jörð innan marka sveitarfélagsins þar sem íbúðabyggð á Völlum og Skarðshlíð ásamt stærsta útivistarsvæði bæjarins er of nærri umræddri línu til þess að hægt sé að rökstyðja að hún verði ofanjarðar. Brugðist hefur verið við því í öllum valkostum Landsnets enda er það í samræmi við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.⁵

Forsendur fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna legu Reykjanesbrautar er að fallið hefur verið frá stækkun álversins í Straumsvík yfir núverandi vegstæði Reykjanesbrautar og skapast því svigrúm til áframhaldandi legu brautarinnar á óbreyttum stað.⁶ Bæjarstjórn telur umrædda aðalskipulagsbreytingu ekki hafa áhrif á þá valkosti sem eru til skoðunar fyrir Suðurnesjalínu 2 eða breyta stefnu um byggðapróun og þörf á að flytja flutningskerfi raforku út fyrir þéttbýlismörkin.

Auk þess vísar bæjarstjórn í úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands⁷ að lega jarðstrengs skv. kosti B, þar sem hann sveigir til suðurs að Suðurnesjalínu 1, suðvestan Straumsvíkur. Þar kemur fram að „*sá hluti leiðarinnar liggur um óraskað helluhraun með tilkomumiklum rissléttum og -hólum. Þessi hluti svæðisins hefur mjög hátt verndargildi og æskilegt væri að skoða aðrar leiðir til að tengja frá Reykjanesbraut í Hafnarfjörð.*“ Þessi niðurstaða Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt umsögn Umhverfisstofnunar, sjá kafla 3.2.1 að ofan, gefur bæjarstjórn ekki tilefni til að meta aðra kosti fýsilegri en valkost C.

⁵ Stefna s

⁶ [Aðalskipulagsbreyting](#) í Hafnarfirði, færsla stofnbrautar við álverið í Straumsvík, 1.6.2021.

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. Úttekt á náttúruferjum vegna Suðurnesjalínu 2. Borgný Katrínardóttir, Kristján Jónasson, Rannveig Thoroddsen, Sigmar Metúsalemsson og Svenja N.V. Auhge. Unnið fyrir Landsnet. Bls. 24.



Þá telur bæjarstjórn mikilvægt að skv. framlögðum gögnum er bygging Suðurnesjalínu 2 ekki eingöngu vegna Suðurnesja. Samkvæmt matsskýrslu mun 220 kV tenging við stórar orkuframleiðslueiningar á Reykjanesi fjölga innmötunarmöguleikum á því spennustigi til höfuðborgarsvæðisins um einn. Það gerir kerfið sveigjanlegra í rekstri og mun auka afhendingaröryggi á höfuðborgarsvæðinu enn frekar.⁸ Bæjarstjórn telur það mikilvægan þátt í innviðaupbyggingu fyrir atvinnulíf í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu.

Bætt tenging virkjana á Reykjanesi við tengivirki í Hafnarfirði styðja við afhendingaröryggi höfuðborgarsvæðisins. Síðasta áratug hefur vinnsla aukist á Suðurnesjum og verulegir flutningar á raforku eru frá svæðinu inn á höfuðborgarsvæðið. Samkvæmt upplýsingum Landnets er mikið álag á flutningskerfinu til höfuðborgarsvæðisins og hætta er á alvarlegum truflunum á afhendingu ef bilanir verða. Flutningsleiðir inn til höfuðborgarsvæðisins eru nú þegar orðnar þunglestaðar og flutningssnið oft rekin yfir stöðugleikamörkum, sem eykur hættu á alvarlegum truflunum á afhendingu í bilanatilfellum. Takmörkuð tenging höfuðborgarsvæðisins við Suðurnes er hluti af þessu vandamáli, en einföld bilun á Suðurnesjum getur leitt af sér straumleysi á höfuðborgarsvæðinu og hefur gert. Það er því mikil og aðkallandi þörf á styrkingum flutningskerfisins á SV-horninu, bæði til að bæta úr núverandi ástandi sem er óviðunandi og eins til að styðja við uppbyggingu á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Styrkingar eru jafnframt nauðsynlegar til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum.

Varðandi flugvöll við Hvassahraun vill bæjarstjórn benda á að umfjöllun um slíka innviði er á hugmyndastigi og engar ákvarðanir liggja fyrir um færslu flugvallar eða byggingu flugvallar í Hvassahrauni og ekki hefur verið tekið frá land fyrir þess háttar not á svæðinu. Því telur bæjarstjórn mikilvægara að Skipulagsstofnun líti til staðfesta skipulagsáætlana sem liggja fyrir um framtíðarþróun byggðar í Hafnarfirði. Auk þess vísar bæjarstjórn í niðurstöðu núvirðisreikninga Landsnets í matsskýrslu um að 10-15 ár þurfi að líða frá því að Suðurnesjalína 2 fer í rekstur sem loftlína, þar til ávinningur fæst af því að fresta að leggja línuna sem jarðstreng við mögulegt flugvallarstæði.

3.2.9 Áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðvist og raf- og segulsvið. Stofnunin telur óverulegan mun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á þessa umhverfisþætti.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir vægismat Skipulagsstofnunar um áhrif á hljóðvist og raf- og segulsvið, sem er í samræmi við matsskýrslu Landsnets, fyrirbyggjandi rannsókn og umsögn heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

3.2.10 Náttúruvá

Álit Skipulagsstofnunar

Jarðhræringar undanfarna mánuði á Reykjanesi eru áminning um að svæðið er virkt og þar getur verið að vænta jarðskjálfta og eldsumbrota. Þá hefur fárviðrið sem gekk yfir landið í desember 2019 og önnur illviðri í vetur minnt á það veðurálag sem raforkuflutningsinnviðir þurfa að standast. Til marks um það hefur Landsnet, það sem af er af þessu ári, ítrekað gefið út viðvaranir vegna ýmiskonar yfirvofandi veðurálags, seltu, ísingar og hættu á niðurslætti eldinga og hafa einhverjar þessara viðvarana átt við suðvesturhornið, en margar við aðra landshluta. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ályktanir í matsskýrslu Landsnets um áhrif náttúruvá á Suðurnesjalínu 2, en telur

⁸ Matsskýrsla Landsnets, bls. 4 og kafla 2.6 og 2.7.



þó að það sem þar kemur fram mæli fremur með lagningu jarðstrengs en loftlínu og mæli fremur með jarðstreng samkvæmt valkosti B, sem liggur utan sprungusveims Reykjaneskerfisins, heldur en legu samhliða þeirri raflínu sem fyrir er og liggur yfir sprungusveimnum.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn gerir athugasemdir við túlkun Skipulagsstofnunar á fyrirbyggjandi gögnum um náttúruvá. Því til stuðnings vísar bæjarstjórn í minnisblað Landsnets dags. 28.5.2020 og minnisblað Eflu verkfræðistofu dags. 2.7.2020. Umfjöllun þar á þó ekki að fullu við um Hafnarfjörð, þar sem skv. niðurstöðu Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands⁹, eru ekki miklar líkur á nýjum eldsupptökum í Krýsuvíkurkerfinu, innan Hafnarfjarðar og Almennings. Þó svo að svæðið liggji utan líklegra eldsuppkomustaða og haggaðrar jarðskorpu, þá myndu eldsupptök í Krýsuvíkurkerfinu líklega senda hraun í átt að Hafnarfirði og austasta hluta línuleiða fyrirhugaðra valkosta, ef til þeirra kæmi. Jafnframt gætu eldsupptök í sama kerfi veitt hraunum yfir Almennung, nánar tiltekið við Afstapahraun. Svæðið Hafnarfjörður-Almennungur er laust við misgengi og gliðunarsprungur og aldursgreining á jarðlögum bendir til þess að umbrot á svæðinu hafi ekki átt sér stað síðastliðin 7000 ár. Þar af leiðandi eru litlar líkur á áhrifum vegna höggunar. Litlar líkur eru á jarðhræringum innan Hafnarfjarðar og Almennings. Náttúruvá vegna veðurs er líklegri hjá loftlínunum en jarðstreng en slíkar truflanir eru ekki algengar á svæðinu.

Ákveðins misskilnings gætir eða ónákvæmni er í álit Skipulagsstofnunar um valkost B, jarðstrengur. Tilvísun stofnunarinnar í niðurstöðu Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, nær ekki til allrar leiðarinnar skv. B kosti. Umfjöllunin í sérfræðiskýrslu Jarðvísindastofnunar og matsskýrslu náði eingöngu til þess hluta valkosti B, sem liggur við Reykjanesbrautina og skilur sig frá valkosti A, jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1. Það er að segja að niðurstaðan um kost B tók eingöngu til hluta leiðarinnar. Þessi umfjöllun skilaði sér síðan í álit Skipulagsstofnunar sem heildarmat á valkosti B.

Í álit Skipulagsstofnunar, bls. 18, er eftirfarandi málsgrein:

„Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ályktanir í matsskýrslu Landsnets um áhrif náttúruvá á Suðurnesjalínu 2, en telur þó að það sem þar kemur fram mæli fremur með lagningu jarðstrengs en loftlínu og mæli fremur með jarðstreng samkvæmt valkosti B, sem liggur utan sprungusveims Reykjaneskerfisins, heldur en legu samhliða þeirri raflínu sem fyrir er og liggur yfir sprungusveimnum.“

Það rétta er hins vegar að enginn munur er á legu valkosti A, B og C á vestri hluta Njarðvíkurheiðar, þar sem sprungubeltið liggur. Því miður gerðist það í umfjöllun matsskýrslu Landsnets um valkost B að gengið er út frá því að hann liggji ekki um sprungusvæðið. Það leiðir til þeirrar afstöðu Skipulagsstofnunar sem kemur fram í álitinu hér að ofan. Landsnet sendi leyfisveitendum, rannsóknaraðila og Skipulagsstofnun bréf dags. 28. maí 2020, þar sem gerð var grein fyrir þessum leiðréttingum.

Í kjölfar álits Skipulagsstofnunar lagði Landsnet fram minnisblað Eflu verkfræðistofu, dags. 2. júlí 2020, um möguleg áhrif eldgosa og jarðhræringa á fyrirhuguð mannvirki. Niðurstaða Eflu er að:

Gagnvart höggunarhreyfingum, er það mat Eflu að loftlína sé mun öruggari valkostur en jarðstrengur við þær aðstæður sem er að finna á leið SN2. Hvað varðar eldsumbrot og hraunrennsli er áhættan talin mjög sambærileg fyrir þá valkosti sem eru til skoðunar. Þar sem tíðni jarðhræringa á svæðinu með varanlegum höggunarhreyfingum eða mögnunar á hreyfingu

⁹ Ármann Höskuldsson, Þorvaldur Þórðarson, Þóra Björg Andrésardóttir, & Muhammad Aufaristama. (2018). Náttúruvá á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2 - Samanburður valkosta með tilliti til jarðhræringa. Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.



við sprungubrúnir er umtalsvert meiri en tíðni eldgosa er talið rétt að miða frekar við slíka atburði við mat álíkum og jarðfræðilegri hættu við SN2.

Bæjarstjórn telur val á milli loftlínu og jarðstrengs skipta verulegu máli fyrir afhendingaröryggi raforku og því ber að horfa til ofangreindra gagna við val á útfærslu.

3.2.11 Áhrif á loftslag

Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag og að þau áhrif séu sambærileg fyrir alla valkosti.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Bæjarstjórn tekur undir niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

3.3 Niðurstaða

Bæjarstjórn hefur kynnt sér ítarlega matsskýrslu Suðurnesjalínu 2 og álit Skipulagsstofnunar. Almenn er samræmi í umfjöllun um umhverfisáhrif í matsskýrslu og áliti. Í ákveðnum þáttum er stigsmunur á umfangi áhrifa að öðru leyti en umfjöllun um náttúruvá, en þar er talsverður munur. Þá er ljóst að Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum um mat á umhverfisáhrifum og tekur bæjarstjórn undir það.

Unnt er að byggja ákvörðun um leyfi á matsskýrslu Landsnets, áliti Skipulagsstofnunar og þeirra viðbótargagna sem liggja fyrir um jarðvá.



4 Forsendur ákvörðunar

4.1 Lagaleg umgjörð

Við ákvörðun um leyfisveitingu og valkosti, var m.a. litið til eftirfarandi ákvæða í lögum um náttúruvernd, lögum um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslög og raforkulög.

Verndarmarkmið og ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, m.a.:

- Verndarmarkmið náttúruverndarlaga, sérstaklega 2. og 3. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar og landslag.
- Öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra.
- Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðuð vistkerfi, vistgerðir eða tegundir skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar.
- Forðast ber að raska ákveðnum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til.

Markmiða þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.a.:

- Að matsferlinu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggja fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Markmið skipulagslaga nr. 123/2010, m.a.:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Markmið laga um menningarminjar nr. 80/2012

- Að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Markmið raforkulaga nr. 65/2003, m.a.:

- Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
- Tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði.
- Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.
- Taka tillit til umhverfissjónarmiða.

Auk þess er í raforkulögum getið um skyldur sveitarfélaga í skipulagsmálum. Sveitarstjórnnum ber við næstu endurskoðun aðalskipulags, og eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt kerfisáætlunar, að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórn er þó heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt kerfisáætlun í allt að átta ár enda séu fyrir því gildar ástæður og fyrir liggja jákvæð umsögn flutningsfyrirtækisins. Sveitarstjórnnum ber enn fremur að tryggja að skipulagsákvörðanir hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja



ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Ákveða skal legu flutningslína í skipulagi að fenginni tillögu flutningsfyrirtækisins í samræmi við kerfisáætlun, að höfðu samráði þess og skipulagsyfirvalda.

4.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar

Með samþykkt sinni á stefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, hefur bæjarstjórn sett fram skýra stefnu um þróun byggðar og legu og útfærslu flutningskerfis raforku í aðalskipulagi. Stefnan byggir á því að tryggja fjölbreytta hagsmuni Hafnarfjarðar.

Valkostur C um loftlínu fylgir lagnaleið aðalskipulagsins milli tengivirkisins við Hamranes að fyrirhuguðu tengivirki í Hrauntungum og þaðan línuleiðinni sem aðalskipulagið markar úr Hrauntungum til vesturs á Reykjanes. Valkostur C samræmist því línuleiðum í aðalskipulagi.

Landnotkun er að mestu skilgreind sem óbyggð svæði á línuleiðum þeirra valkosta um Suðurnesjalínu 2 sem eru til skoðunar. Í Kapelluhrauni er íþróttasvæði (ÍÞ8) fyrir akstursíþróttir, sem núverandi Suðurnesjalína liggur yfir og einnig valkostir um jarðstreng-loftlínu sem færi beint að Hamranesi. Valkostur um loftlínu um Hrauntungur liggur hins vegar að öllu leyti eftir skilgreindri línuleið. Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir línuleið fyrir nýjar línur frá Hamranesi út fyrir þéttbýlismörkin og vestur að Reykjanesi í sama línustæði og núverandi Suðurnesjalína 1. Aðrir valkostir en loftlína um Hrauntungur eru því ekki í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um legu raflína og jarðstrengja.

Grunnur að stefnu um flutningskerfi raforku var mótaður í aðalskipulaginu 2005-2025. Í breytingu á aðalskipulagi 2005-2025 vegna svokallaðra Suðvesturlína, sem var staðfest af ráðherra 4.2.2013, voru skoðaðir valkostir um staðsetningu fyrirhugaðs tengivirkis við Hrauntungur og þ.a.l. línustæði frá því til vesturs þar til það mætir núverandi Suðurnesjalínu. Þar voru auk þess bornir saman kostir fyrir tengivirki og línustæði, þ.m.t. núll kostur, þ.e. óbreytt fyrirkomulag og jarðstrengskostir. Í umhverfisskýrslu skipulagsbreytingarinnar kom fram að ofan byggðar hefði hún talsverð neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif, jarðfræði og jarðmyndanir, gróður, útivist og ferðamennsku og náttúruminjar, en óveruleg áhrif á aðra þætti. Innan byggðarinnar hefur landi verið raskað að mestu. Innan byggðar eru aðalskipulagsbreytingin talin hafa talsverð jákvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti en óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti. Þær mótvægisáðgerðir sem ráðist er í til að vega upp á móti neikvæðum áhrifum af völdum breytingarinnar eru; niðurrif Suðurnesjalínu 1 og Hamraneslínu 1 og 2, vægi Hamranestengivirkis verður minnkað og nýtt tengivirki byggt ofan byggðarinnar í stað þess að vera innan hennar eins og núgildandi skipulag gerir ráð fyrir. Jafnframt verða flestar línur innan byggðarinnar lagðar í jörð.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er Almennigur, gamalt dyngjuhraun, hverfisverndað (HVb8). Hverfisverndarákvæði eru til verndunar á búsetumínum, seljum, fornum leiðum og til vatnsverndunar. Með þessu er lögð áhersla á að halda í ásýnd lands og sérstöðu svæðisins hvað varðar náttúru- og mannvistarminjar. Tekið hefur verið tillit til þess í undirbúningi framkvæmdar, en ljóst að áhrif á ásýnd verða talsverð.

Valkostur C er eini kosturinn til skoðunar sem er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Fyrir því liggja haldbær rök, þar sem sveitarfélagið hefur í langan tíma unnið að framtíðarlausn fyrir þróun byggðarinnar, sem felur í sér að Hamraneslínur 1 og 2 verði færðar út fyrir þéttbýlismörk. Það eru verulegir hagsmunir sveitarfélagsins sem felast í því að stefna aðalskipulagsins gangi eftir. Þessu til stuðnings hefur sveitarfélagið unnið tvær breytingar á aðalskipulaginu 2013-2025 í samræmi við þá stefnu. Annars vegar stefnu um færslu á tímabundinni legu Hamraneslínu 1 og 2 í Skarðshlíð. Breytingin var staðfest 8.1.2019. Síðan hefur verið staðfest breyting, dags. 19.5.2021, um miðsvæði í Hamranesi. Báðar breytingar byggja á því samráði sem sveitarfélagið hefur átt við Landsnet um flutning raflína og framtíðarskipulag flutningskerfis raforku innan Hafnarfjarðar.



Hafnarfjarðarbær hefur í matsferli Suðurnesjalínu 2 komið á framfæri þeirri stefnu sveitarfélagsins að línan fari í jörð innan marka þéttbýlis, þar sem íbúðarbyggð á Völlum og Skarðshlíð og útivistarsvæði eru staðsett nærri línunni. Jafnframt hefur Hafnarfjörður í umsögnum sínum í matsferlinu vísað til stefnu aðalskipulagsins um fyrirkomulag flutningskerfi raforku og bent á að valkostur C falli að þeirri stefnu og aðrir kostir ekki.

Hluti af stefnu sveitarfélagsins er að nýtt tengivirki verði staðsett í Hrauntungum og þar með verði dregið úr vægi tengivirkisins í Hamranesi, sem er nú mjög nærri íbúðarbyggð.

Framkvæmd vegna Suðurnesjalínu 2 mun hafa neikvæð áhrif á umhverfið í upplandið í sveitarfélaginu, þ.m.t. á útivist. Hins vegar verða jákvæð umhverfisáhrif fyrir byggðina að færa flutningskerfi raforku út úr þéttbýlinu. Bæjarstjórn hefur sett skilmála í aðalskipulag um þær breytingar sem þarf að gera á flutningskerfinu, til að tryggja að ávinningur fyrir sveitarfélagið.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn um umhverfisáhrif, samanburð valkosta, þ.m.t. jarðstrengskosti, samræmi framkvæmda við stefnu stjórnvalda, náttúruvá og setta skilmála fyrir framkvæmd telur bæjarstjórn ekki tilefni til að breyta stefnu aðalskipulagsins varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku eða legu Suðurnesjalínu 2.

4.3 Samræmi við skipulagsáætlanir og aðrar áætlanir

Bæjarstjórn hefur farið yfir samræmi framkvæmd skv. valkosti C við aðrar áætlanir og stefnur stjórnvalda. Í matsskýrslu er gerð góð skil á samræmi framkvæmdar við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, landsskipulagsstefnu, kerfisáætlun og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarstjórn hefur jafnframt litið til:

- [Pingsályktun](#) um aðgerðaráætlun um orkuskipti. Þar kemur fram leiðarljós um innviði að „Unnið verði markvisst að uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að tryggja framgang orkuskipta.“ Samræmi er við viðkomandi ályktun.
- Stefnumörkun og [framkvæmdaáætlun](#) um líffræðilega fjölbreytni um að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í kerfi verndarsvæða. Framkvæmdir innan sveitarfélagsins hafa ekki áhrif á verndarsvæði, en raska jarðmyndunum og birki sem nýtur sérstakrar verndar. Samræmi er við viðkomandi stefnu og áætlun.
- Áætlun um [uppbygging innviða](#). Átaksverkefni og aðgerðaráætlun í kjölfar óveðurs í desember 2019. Þar er gerð grein fyrir byggingu Suðurnesjalínu 2, færslu og niðurrif Hamraneslína og byggingu Lyklafellslínu 1. Samræmi er við viðkomandi áætlun.

4.4 Náttúruvernd

Fyrirhuguð framkvæmd Suðurnesjalínu 2 liggur utan náttúruverndarsvæða, þ.e. friðlýstra svæða og svæða á C-hluta náttúruuminjaskrár. Framkvæmdir koma hins vegar til með að raska jarðminjum og birki, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Við skoðun á umfangi áhrifa, er ljóst að valkostir C og C² valda minnstu beinu raski á jarðminjum m.v. framlagða kosti. Þá raskar valkostur C birkikjarri meira en aðrir kostir. Rask vegna valkosta C liggur að mestu þegar fyrir.

4.5 Náttúruvá

Eins og kemur fram í kafla 3.2.10 að ofan, þá telur bæjarstjórn val á milli loftlínu og jarðstrengs skipta verulegu máli fyrir afhendingaröryggi raforku og því ber að horfa til ofangreindra gagna við val á útfærslu. Samkvæmt niðurstöðum sérfræðinga er loftlína öruggari kostur miðað við náttúruvá svæðisins.



4.6 Umsagnir um leyfi

Bæjarstjórn leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar og umhverfis- og framkvæmdaráðs um framkvæmdaleyfisumsókn og drög að greinargerð um framkvæmdaleyfi, í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 37. gr. og 61. gr. laganna segir að leita skuli umsagnar þeirra nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

4.6.1 Umsögn Umhverfisstofnunar

Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 4.2.2022, er eftirfarandi:

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér greinargerð bæjarstjórnar Hafnafjarðar sem stofnunin telur ítarlega. Umfjöllun um valkosti er góð sem og rökstuðningur fyrir því að velja valkost C sem er loftlína um Hrauntungur.

Að álitni Umhverfisstofnunar eru nú einna mikilvægustu rökin fyrir þessu leiðarvali þau að þegar hefur farið fram jarðvinna á þessari leið. Búið er að raska hrauninu og því væri afleitt úr því sem komið er að velja aðra leið eða aðra framkvæmd sem mundi raska hrauni enn frekar.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Umsögn Umhverfisstofnunar gefur skýrt til kynna að valkostur C, loftlína um Hrauntungur, sé ákjósanlegasti kosturinn m.t.t. jarðmyndana og 61. gr. náttúruverndarlaga.

4.6.2 Umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs

Umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnafjarðar er eftirfarandi:

Skipulags- og byggingaráð vísaði á fundi sínum þann 1. febrúar sl. drögum að greinargerð vegna framkvæmdaleyfis Suðurnesjalínu 2 til umsagnar umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnafjarðarbæjar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við greinargerðina og telur rökstuðning fyrir því að velja valkost C, loftlínu um Hrauntungur, góðan.

Viðbrögð bæjarstjórnar

Umsögn styður við þá niðurstöðu bæjarstjórnar að veita leyfi fyrir valkost C, loftlína um Hrauntungur.

4.7 Önnur leyfi

Gefin hafa verið út framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2, skv. valkosti C, í Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ. Sveitarfélagið Vogar hefur ekki gefið út framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2.

Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis veita starfsleyfi til nokkurra framkvæmdaþátta samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einstakir þættir framkvæmda kunna einnig að kalla á leyfi Minjastofnunar Íslands.

4.8 Aðrir valkostir

Hafnafjarðarbær hefur farið yfir alla framlagða valkosti í umhverfismati Landsnets, valkosti sem voru til skoðunar í aðalskipulagsbreytingu sem staðfest var 2013 og kannað möguleika á að færa nýtt tengivirki úr Hrauntungum til að draga úr áhrifum á útivist.

Þegar litið er til öryggissjónarmiða út frá jarðvá telur bæjarstjórn að valkostir C og C2 séu ákjósanlegastir. Almennt verður rask vegna C2 minna en valkostur C. Hins vegar fellur hann ekki að þeirri stefnumörkun um færslu flutningskerfis raforku út fyrir þéttbýlismörkin.

Bæjarstjórn telur að miðað við fyrirliggjandi forsendur og upplýsingar sé valkostur C ákjósanlegastur fyrir sveitarfélagið. Lengi hefur verið beðið eftir færslu flutningskerfisins og það er orðið mjög brýnt



að ráðast í áformaðar breytingar til að þrengja ekki að byggðapróun. Suðurnesjalína 2, valkostur C, er mikilvægur þáttur í þeim breytingum.

4.9 Brýn nauðsyn

Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber að forðast að raska birkiskógi og eldhrauni og öðrum verndarsvæðum. Ef ráðast á í framkvæmdir sem hafi áhrif á þessa umhverfisþætti ber að liggja fyrir brýn nauðsyn fyrir slíkum framkvæmdum.

Hafnarfjörður telur að brýn nauðsyn sé staðar fyrir byggingu Suðurnesjalínu 2 og að leitað hafi verið leiða til að draga úr áhrifum m.a. með því að skoða valkosti og mismunandi útfærslu framkvæmda. Brýn þörf er á að opna þróunarsvæði framtíðarbyggðar sveitarfélagsins, draga úr sjónrænum áhrifum í þéttbýli og útivistarsvæðum í nágrenni þess. Í undirbúningsferli hafa verið teknir til skoðunar margvíslegir valkostir til að styrkja flutningskerfi raforku. Sveitarfélagið telur að óhjákvæmilegt sé að raska eldhrauni og birki vegna slíkra framkvæmda. Valkostur C hefur talsvert minna rask í för með sér á eldhraun en jarðstrengskostir til skoðunar. Kosturinn hefur hins vegar meira rask í för með sér á kjarrskógarvist.

Að mati bæjarstjórnar eru verulegir hagsmunir fólgnir í að styrkja raforkukerfið fyrir Suðurnes og höfuðborgarsvæðið. Það eru almennahagsmunir fólgnir í öruggu aðgengi að raforku. Allir kostir sem hafa verið til skoðunar koma til með að styrkja raforkukerfið, en falla mismunandi að hagsmunum sveitarfélagsins. Það eru almennahagsmunir fólgnir í að styrkja megin flutningskerfið, sem er skilgreint sem hluti af grunninnviðum samfélagsins.

Mikil atvinnuuppbygging hefur átt sér stað að undanförunu í Hafnarfirði. Sú þróun mun halda áfram, m.a. vegna þéttingar byggðar og umbreytingu eldri atvinnusvæða á höfuðborgarsvæðinu. Hafnarfjörður býður upp á einstakt atvinnusvæði, landrými, gott aðgengi að samgöngum og vinnuafli. Mikilvægur þáttur í áframhaldandi atvinnuuppbyggingu er að það sé tryggt aðgengi að raforku.

Bæjarstjórn telur að það liggja fyrir brýn nauðsyn þess að raska umræddu eldhrauni og vistgerðum sbr. kröfum í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Miðað við fyrirbyggjandi gögn, þ.m.t. umsögn Umhverfisstofnunar um afgreiðslu framkvæmdaleyfis, er það mat sveitarfélagsins að valkostur C, uppfylli best þá hagsmuni sem eru til staðar.

4.10 Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum

Afgreiðsla á umsókn Landsnets byggir m.a. á því að í framkvæmdaleyfið verði settir skilmálar um mótvægisáðgerðir og vöktun sem koma fram í matsskýrslu, álitum Skipulagsstofnunar og umsókn Landsnets til að tryggja að dregið verði sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.